

Nd.

373. Nefndarálit

um frumv. til laga um bæjarstjórn á Norðfirði.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Pótt öll nefndin sje sammála um það, að ekki sje sanngjarnt að standa til lengdar á móti því, að breyting verði gerð að því er Norðfjörð snertir á því skipulagi, sem nú er, þá hefir nefndin þó ekki getað orðið samferða í málinu. Þykir minni hl. rjett, að málið sje tekið upp á breiðari grundvelli en hjer er gert ráð fyrir, því að vitanlegt er, að til eru hjer á landi kaup-
tún, sem ekki stendur ósvipað á um. Minni hlutinn telur mjög sennilegt, að ef í stærstu kaugtúnunum væri falið einum og sama manni að hafa á hendi störf hreppstjóra og oddvita og innheimtu fyrir rikissjóðinn, yrði sá kost-
aður talsvert minni en með því fyrirkomulagi, sem hjer er ráðgert. Að sjálfsögðu yrði rikissjóður að leggja eitthvað fram í þessu skyni, en það mundi verða lítið.

Minni hlutinn telur þetta vera rannsóknarefni og ræður því til, að frumv. verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Deildin felur rikisstjórninni að nndirbúa löggjöf um sveitarstjórn í stærstu kaugtúnunum landsins og leggja frnmv. um þetta fyrir næsta þing, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 2. mars 1928.

Magnús Guðmundsson, Hákon J. Kristófersson.
frsm.